

Nr. 189

13. febrúar 2012

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 752/2007 um úttektir á öryggi loftfara
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðast svo:

Þessum upplýsingum skal haldið til haga á formi því sem fylgir í viðauka 1 við tilskipun Evrópupingsins og ráðsins nr. 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins, sbr. 15. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Skyrslur skv. 5. og 6. gr. skulu tafarlaust látnar í té viðkomandi eftirlitsyfirvöldum í aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Flugöryggisstofnun Evrópu og Eftirlitsstofnun EFTA.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr., 27. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og 12. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 13. febrúar 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2012